

Sigfús Halldórsson á Kjarvals-stöðum

Sigfús Halldórsson, tónskáld, nýtur nær algjörrar sérstöðu sem menningarmáður á Íslandi, og keppir því í raun og veru aðeins við sjálfan sig. Öll þessi yndislegu lög, er hann hefur samið koma einna fyrst upp í hugann, en þau slast inn í þjóðina með þeim hætti, að það er eins og þau hafi alltaf verið til innan í fólki, án þess að það vissi af því, þar til Sigfús festi þau á blað, spilaði þau og söng. Mun það naumast ofsagt að svo vinsæla sönglagahöfunda á þessari öld má telja á fingrum annarrar handar.

Þá hefur hann einnig samið „meiriháttar tónverk" fyrir sinfóníur og stóra kóra, er flutt hafa verið, þannig að hann er ekki við eina fjölina felldur í tónlistinni.

Annar þáttur í lífsverki Sigfúsar Halldórssonar hefur svo verið myndlistin, en hann hefur lengi málað, haldið sýningar og einnig gjört leikmyndir, og með þessu öllu vann hann í banka og ýmsum stofnunum, uns honum tókst að hasla sér völl sem atvinnulistamaður, tónskáld og listmálari.

Maðurinn Sigfús Halldórsson

Þriðji þátturinn í þessu samspili er síðan maðurinn Sigfús Halldórsson, en framhjá honum sjálfum verður naumast gengið, þótt um verk hans sé fjallað.

Jóhannes Helgi, rithöfundur, lýsir honum býsna vel er hann segir, eða ritar í sýningarskrá m.a. á þessa leið:

„Því er svo farið um suma menn, því miður alltof fáa, að þeir breyta alveg svip og tóni dags, ef maður er svo heppinn að rekast á þá á förnum vegi. Dagurinn er kannski einn af þessum erfiðu dögum þegar allt gengur manni öndvert, allt frá því að maður lyftir rakvél að aðorgni dags og uppgötvar að blaðið í henni er ryðgað og skörðótt og jafnframt það síðasta í eigu manns: þar næst má maður bisa við stíflað frárennsli í þvottahúsinu — og að því búnu sendir tilveran á mann alla smámunaþefara og leiðindapoka í heilu lögsagnarumdæmi uns maður er að niðurlotum kominn um miðjan dag. En þá ber svo við að Sigfús Halldórsson verður óvænt á vegi manns — og það er snarlega skundað á kaffihús. Og tónn dagsins er breyttur, yfirbragð hans hýrt og hlýtt. Það gerist ekki í djúpúðug um viðræðum: fremur í spjalli af því tagi sem enskir nefna sweet nonsense, elskulegum hégóma, sem er afbragðshollur fyrir sálina.

Spjallið þarf ekki að vera langt: það sem eftir lifir dags er tilveran mennsk, náttúrleg og viðfelldin, máski skopleg í bland — en full af fegurð og yndislegum viðfangsefnum.

Þannig er að hitta Sigfús: maður fer af fundi hans glaður og betri maður. Slíkur er galdur þessa fjölhæfa listamanns — og hornsteinarnir eru fjórir: djúp listhneigð, fegurðarþrá, gladværð og góðvild.

Það eru þessir eiginleikar sem hafa gert okkur manninn Sigfús Halldórsson minnisstæðan, kæran — og allra manna velkomnastan."

Undir þessi orð er auðvelt að taka, hvort heldur menn eru nánir vinir, eða málkunnugir Sigfúsi Halldórssyni.

Þau hitta í mark eins og lögin.

Sýningin á Kjarvalsstöðum

Ég hefi ekki á takteinunum hvað Sigfús Halldórsson hefur haldið margar málverkasýningar, en sú er hann nú heldur á Kjarvalsstöðum mun vera ein stærsta sýning er hann hefur haldið, því þar eru 84 verk. Hefur hann lagt undir allan Austursal Kjarvalsstaða, en í húsinu eru um þessar mundir þrjár sýningar í einu.

Það fer ekki milli mála, að ef þessi sýning er borin saman við seinustu sýningu Sigfúsar á Kjarvalsstöðum, þá hafa framfarirnar orðið ótrúlega miklar og örar, og þá einkum í teikningu, og samanburðurinn er auðveldur, því viðfangsefnin eru af sama toga spunnin og áður, eða svipuðum, hús, þorp, skip og menn.

Að vísu má ávallt deila um nákvæmni í myndlist, hvort ljósmyndin hafi ekki ákveðið verksvið og málverkið annað. Hvort ekki beri í málverki að brjóta hlutina upp til einföldunar og segja beri söguna allt eins mikið í formi og lit, frekar en í nákvæmni, en um það verða aðrir að dæma.

Sýning Sigfúsar Halldórssonar stendur frá 2. — 24. ágúst.

Jónas Guðmundsson.



kemper





Bændur

Hinir velþekktu og vinsælu Kemper heyhleðsluvagnar til afgreiðslu strax.

Tvær stærðir 24 m3 og 28 m3


Kaupfélögin um allt land

Véladeild Sambandsins
Ármúla 3 Reykjavík Sími 38900

KYNNINGAR VERÐ

Hentugir 243 lítra ísskápar með miklu geymslurými. Hurðarhjarir er hægt að færa eftir því hvort þú vilt opna hurðina til hægri eða vinstri.
Fallegt útlit, færanlegar hillur. Hagstæð kaup.





ITT

GELLIR HF
Bræðraborgarstíg 1 - Sími 20080
(Gengið inn frá Vesturgötu)

Mótatimbur
1x6, kr. 630 pr. lengdarmeter
Steypustál
10 mm. kr. 369 pr. kg.
K.Þ. Byggingavörur
Húsavík, sími 96-41444.

Matreiðslumann
vantar vinnu strax.
Vill helst taka mötuneyti að sér, alveg sama hvar á landinu. Algjör reglusemi.
Upplýsingar í síma 91-20717.

Hlíðarendaskóli
Umsóknarfrestur fyrir 1. bekk menntaskóla rennur út 20. ágúst og 8. og 9. bekk 1. sept.
Upplýsingar í síma 99-3606.
Skólastjóri.